

bók Íslendinga, Jónsbókina, á íslenskri tungu, en vili þeir verða læknar þar í landi, þá skulu þeir hafa lesið lækníngabók Jóns Péturssonar og hina íslenzku útleggíng af bók þeirri, sem heitir: „útdráttur af yfirsetukvennafræðinni, kennslubók handa yfirsetukonum“ eptir Dr. Levy, og láta reyna sig í þessum ritum.

1857.
16. júní.

Um leið og eg skýri kirkju- og kennslustjórninni frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir háskólakennara Konráði Gíslasyni og stiptsyfirvöldunum á Íslandi, bæti eg því við, að stjórnarráðið mun sjá um, að saungjörn þóknun verði veitt þeim sem prófið heldur, hvort sem það verður háskólakennari Konráð Gíslason eða kennarinn í íslenzku við Reykjavíkur skóla.”

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmaninum frá, og yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um kosningu bæjarfulltrúa í Reykjavíkur kaupstað. 30. júní.

Með þóknanlegu bréfi 26. febrúar þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent hingað beiðni frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að yrði lagt til úrslita fyrir dómsmálastjórnina úrskurður yðar af 2. s. m., og hefir bæjarfógetinn sagt álit sitt um þessa beiðni; en í þessum úrskurði yðar var ákveðið, að bæjarfulltrúi D. Thomsen, sem að áleti bæjarstjórnarinnar átti að fara frá í byrjun þessa árs, sökum þess að hann hafði lengst haft það starf á hendi, skuli vera við til næsta nýjárs, samt að ruglín þann, sem áður er á kominn við kosningar bæjarfulltrúanna, bæri að laga á þann hátt, að á ári því, sem þeir tveir fulltrúarnir fara frá, er kosnir voru 1855, verði í stað annars þeirra kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum aðeins til 2 ára.

Bæjarfulltrúar og bæjarfógeti hafa látið þá meiníngu í ljósi,

1857.
30. júní.

að reglu þeirri, sem til er tekin í niðurlagi 8. greinar í reglugjörð 27. nóvember 1846, að á ári hverju skuli sá bæjarfulltrúi, sem lengst hefir haft sýslu á hendi, fara frá — og er sagt að reglu þessari hafi til þessa verið fylgt mótmælalaust, jafnvel þó enginn fulltrúi hingaðtil hafi gegnt störfum sínum í 6 ár, sem er tími sá er nefnd reglugjörð ákveður í 7. gr. — ætti að fylgja bæði nú og framvegis til þess hin lögskipaða regla kemst á, og mundi þá einnig að líkindum lagast ruglínur sá, sem á er kominn við það, að árið 1855 var ránglega kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum og einn úr flokki tómthúsmanna í stað þess sem þá fór frá.

Um þetta hefir herra stiptamtmaðurinn sagt, að þó amtið hafi fallist á kosningar þær, sem fóru fram árin 1855 og 1856, jafnvel þó þeir sem fóru frá hefði verið skemmri tíma í bæjarstjórninni en 6 ár, þá hafi það verið af þeirri sök, að fulltrúarnir hafi ekki mælt móti því að fara frá, þaræð bæjarstjórnin hefir rétt á að gefa fulltrúa lausn frá sýslu sinni innan hinna lögboðnu 6 ára, þegar hann sjálfur óskar þess og beiddist, en öðru máli sé að gegna þegar fulltrúinn, eins og hér stendur á, ekki óskar þess, heldur mælir móti því að fara frá áður hin lögboðnu 6 ár eru liðin, og er það ekki að leyfa honum að fara frá heldur að víkja honum frá, en til þessa álitid þér að 14. gr. reglugjörðarinnar einungis gefi vald þegar óhæfilegleiki hans sem fulltrúi er svo stöðugur, að hann sökum þess ekki getur haft starf sitt á hendi.

Það sem herra stiptamtmaðurinn hefir fært til um að fara frá eptir eigin ósk, getur ekki átt við fulltrúa þá, Biering og Jonassen, sem fóru frá árin 1855 og 1856, því eptir því sem bæjarfógetinn skýrir frá, þá fóru þeir ekki frá af því þeir beiddist þess — en hefði svo verið, hefðu þeir, sem kosnir voru í stað þeirra, einungis átt að hafa þá sýslu á hendi um þann tíma, sem eptir var þegar hinir fóru frá — heldur sökum þess að þeir höfðu lengst haft sýslu bæjarfulltrúa á hendi. Það er einnig sjálfsagt, að reglu þá, sem gefin er í 7. gr. í reglugjörð 27. nóvember 1846, að fulltrúar skuli hafa starf sitt á hendi um 6 ár, hlýtur að einskorða við regluna í niðurlagi 8. greinar

1857.
30. júní.

í sömu reglugjörð. Stjórnarráðið verður því að fallast á það álit bæjarstjórnarinnar, að hinni síðastnefndu reglu beri að fylgja, án tillits til hvort sá sem frá á að fara hefir haft starf sitt á hendi í 6 ár eður skemmri tíma, og getur því fulltrúi sá, sem hér ræðir um, ekki haft rétt á að hafa starf sitt á hendi í 6 ár, en hlýtur eflaust, samkvæmt 8. gr. reglugjörðarinnar, að fara frá sem sá meðal bæjarfulltrúa, er lengst hefir haft starf sitt á hendi. Ef þannig er farið að mun einnig, eins og bæjarstjórnin hefir látið í ljósi, smámsaman lagast ruglingur sá, sem áður er á kominnu við kosningarnar, en á hinn bóginn veitir reglugjörðin enga heimild til að bæta úr þessu með því að kjósa til 2 ára, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir skipað fyrir.

Samkvæmt því sem hér er sagt skal því hið bráðasta kjósa bæjarfulltrúa í Reykjavík í stað kaupmanns D. Thomsens, og skýri eg herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar.

19. Bréf dómstýrnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um skip sem koma til Íslands án leyfisbréfa.

2. júlí.

Í þóknanlegu bréfi 15. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að þér, í trausti þess að stjórnarráðið fallist á það, hafið leyft, að þegar skip stórkaupmannanna Örum & Wulffs kæmi til Húsavíkur á þessu vori eða framan af sumrinu án þess að hafa hin lögskipuðu leyfisbréf, en þegar hin önnur skilríki væri í lagi, og þegar nöfn skipanna, hvar þau eiga heima og stærð þeirra, ásamt nöfn skipstjóranna væri sýslumanninum þar á staðnum kunnugt, þá mætti strax byrja affermingu skipanna, þó með því móti, að tafarlaust sé lögð drög fyrir að kaupa leyfisbréfin hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu.

Þó nú eptir kríngumstæðunum verði að standa við svo búið í þetta skipti, þá vonast stjórnarráðið eptir að þér sjáið um, samkvæmt bréfi hëðan 8. nóvember f. á., að framvegis verði